

26. FEBRÚAR
2023

HARPA
NORÐURLJÓS



SÆUNN LEIKUR BACH

EINLEIKSTÓNLEIKAR

Velkomin

Vinsamlegast hafið slökkt
á farsímum meðan á
tónleikum standur.

Tónleikagestir eru beðnir um
að klappa aðeins í lok tónverka.

Tímalengd verka:

Svíta nr. 1 í G-dúr: 16'

Ciaccona: 7'

Svíta nr. 3 í C-dúr: 20'

48 Images of the Moon: 15'

Svíta nr. 5 í c-moll: 23'

SÆUNN LEIKUR BACH

EINLEIKSTÓNEIKAR Í NORÐURLJÓSUM
26. FEBRÚAR KL. 16:00

Sæunn Þorsteinsdóttir
einleikari

Johann Sebastian Bach

Svíta fyrir einleiksselló nr. 1 í G-dúr, BWV 1007 (um 1720)
Prélude - Allemande - Courante - Sarabande -
Menuets I & II - Gigue

Benjamin Britten

Ciaccona úr svítu nr. 2 fyrir einleiksselló, op. 80 (1967)

Johann Sebastian Bach

Svíta fyrir einleiksselló nr. 3 í C-dúr, BWV 1009 (um 1720)
Prélude - Allemande - Courante - Sarabande -
Bourrées I & II - Gigue

Hlé

Þuríður Jónsdóttir

48 Images of the Moon (2017)

Johann Sebastian Bach

Svíta fyrir einleiksselló nr. 5 í c-moll, BWV 1011 (um 1720)
Prélude - Allemande - Courante - Sarabande -
Gavottes I & II - Gigue

SÆUNN ÞORSTEINSDÓTTIR

EINLEIKARI

Sellóleikarinn Sæunn Þorsteinsdóttir er staðarlistamaður Sinfóníuhljómsveitar Íslands á þessu starfsári. Hún hefur á ferli sínum vakið verðskuldaða athygli fyrir innblásinn leik og nýsköpun í efnisvali. Sæunn leikur jöfnum höndum einleik og kammertónlist og hefur komið fram með hljómsveitum á borð við Fílharmoníusveit Los Angeles, Sinfóníuhljómsveit breska útvarpsins (BBC) og NDR Elbphilharmonie í Hamborg. Þá er hún einn af stofnendum kammerhópsins Decoda í New York, sem hefur að markmiði að glæða flutning kammertónlistar nýju lífi með skapandi fræðslu og samfélagsþátttöku.

Sæunn hóf ung sellónám í Tónlistarskóla Íslenska Suzukisambandsins áður en hún fluttist til Bandaríkjanna þar sem hún hefur verið búsett síðan. Hún lauk mastersnámi frá Juilliard tónlistarháskólanum í New York og síðan doktorsprófi frá SUNY Stony Brook. Sæunn kenndi sellóleik og kammertónlist við Washington-háskóla í Seattle um árabíl en hóf í haust störf við Cincinnati College Conservatory í Ohio.

Sæunn var, eins og margir, innilokuð um skeið meðan heimsfaraldur kórónuveiru gekk yfir en snemma sumars 2020 pakkaði hún sellóinu niður og hélt til Íslands, vestur á firði. Á lengsta degi ársins efndi hún til tónleika í sex kirkjum þar sem hún lék allar sellósvítur Bachs, eina svítu í hverri kirkju. Guðshúsin fyrir vestan fylltust af tónleikabyrstum gestum sem margir fylgdu Sæunni kirkju úr kirkju, úr firði í fjörð, þar til síðasta svítan hljómaði við ysta haf rétt í þann mund sem sólin sleikti hafflötinn. Í framhaldi af þessu sólstöðuævintýri hljóðritaði Sæunn svíturnar og þær koma nú út á hljómdiski undir merkjum bandarísku útgáfunnar Sono Luminus. Sami útgefandi stóð að útgáfu disksins *Vernacular* árið 2019 þar sem Sæunn lék einleiksverk eftir fjögur íslensk tónskáld, þar á meðal *48 Images of the Moon* eftir Þuríði Jónsdóttur. Sæunn hefur einnig hljóðritað einleikssvítur Brittens; þær komu út hjá Centaur Records árið 2011 og hlaut flutningurinn afbragðs dóma.

Þann 30. mars nk. leikur Sæunn sellókoncert nr. 1 eftir Shostakovítsj með Sinfóníuhljómsveit Íslands í Eldborg og hún snýr aftur vestur á firði í júní þar sem hún mun koma fram á tónlistarhátíðinni Við Djúpið á Ísafirði ásamt félögum úr Decoda.

UM VERKIN

Hinar sex svítur Johanns Sebastians Bach (1685–1750) fyrir einleiksselló eru nú á dögum eitt vinsælasta viðfangsefni sellóleikara. Þær hljóma oft á tónleikum og hljóðritanirnar skipta hundruðum. En þetta var ekki alltaf svo. Eins og raunin var um mörg af verkum Bachs lágu sellósvíturnar í láginni eftir dauða tónskáldsins og allt fram á 20. öld þegar spænski meistarinn Pablo Casals hóf að leika þær á tónleikum – sagan segir að hann hafi fyrir tilviljun fundið nótnahefti með verkunum hjá fornbókasala í Barcelona.

Bach samdi svíturnar á árum sínum í Köthen þegar hann var í þjónustu Leopolds fursta. Þær eru allar byggðar upp á sama hátt. Fyrsti þátturinn er forspil, prelúdíá, en síðan fylgja fimm þættir sem heita eftir hirðdönsum og draga dóm af þeim: sarabandan í hægfara þrískiptum takti, til að mynda, en lokapátturinn, gigue, hraður og fjörlegur. Það er engin furða að þessi verk séu í dálæti hjá sellistum; þau eru fjölbreytt, krefjandi og búa yfir músikalskri dýpt og fegurð sem endurnýjast við hverja túlkun.

Benjamin Britten (1913–1976) hafði svítur Bachs að fyrirmynd þegar hann samdi sínar þrjár svítur fyrir einleiksselló, en það var listfengi rússneska sellóleikarans Mstislavs Rostropóvitsj sem var hvatinn að tilurð þeirra. Í svítunum mæta tónsmíðaaðferðir og form barokktímans tónmáli 20. aldar. Svítan í miðið, sem Britten samdi sumarið 1967, er í fimm þáttum. Það er lokapátturinn, Ciaccona, sem hljómar hér á tónleikunum og er gott dæmi um hvernig tónskáldið bindur saman barokk og nútíma á listilegan hátt.

48 Images of the Moon eftir Puríði Jónsdóttur (f. 1967) var pantað af NDR Elbphilharmonie fyrir Sæunni Þorsteinsdóttur og frumflutt af henni í kammermúsíksal hins nýja og glæsilega tónlistarhúss í Hamborg árið 2017. Sæunn lýsir verkinu sem náttúruhugleiðingu þar sem sellóið líkt og andar – hver andardráttur þó örlítið frábrugðinn öðrum – og bregst við upptöku með náttúruhljóðum sem myndar hluta verksins og var gerð að næturlagi nærri Holtstanga í Önundarfirði af Magnúsi Bergssyni.

Svanhildur Óskarsdóttir



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Sæunn leikur Shostakovitsj

30. MARS | 19:30

Á tónleikunum hljómar sellókonert nr. 1 eftir Shostakovitsj og Sveitasinfónía Beethovens, nr. 6, ásamt verki eftir kóreska tónskáldið Unsuk Chin. Einleikari er Sæunn Þorsteinsdóttir, staðarlistamaður Sinfóníuhljómsveitar Íslands 2022/23.

Hljómsveitarstjóri er Belarúsinn Dmitry Matvienko sem stjórnar nú hljómsveitinni í fyrsta sinn, en hann bar sigur úr bítum í hinni alþjóðlegu Malko-keppni fyrir unga hljómsveitarstjóra árið 2021.